

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Tenutex 20 mg/g + 225 mg/g húðfleyti

dísúlfíram/bensýlbensóat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækningurinn, lyfjafræðingurinn eða hjúkrunarfræðingurinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Tenutex og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Tenutex
3. Hvernig nota á Tenutex
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Tenutex
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Tenutex og við hverju það er notað

Tenutex er sníkladrepandi lyf gegn höfuðlús, flatlús og kláðamaur. Tenutex hefur sníkladrepandi áhrif.

Innihaldsefni dísúlfíram og bensýlbensóat eru einnig notuð til að meðhöndla aðra sjúkdóma sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Leitið ráða hjá lækningunum, lyfjafræðingum eða öðrum heilbrigðisstarfsmönnum ef þig vantar frekari upplýsingar og fylgdu ávallt leiðbeiningum þeirra.

Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

2. Áður en byrjað er að nota Tenutex

Ekki má nota Tenutex

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir dísúlfíram eða bensýlbensóat eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú ert með ofnæmi fyrir lífrænum brennisteinssamböndum (gúmmíofnæmi).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækningunum eða hjúkrunarfræðingnum áður en Tenutex er notað til meðferðar við flatlús eða kláðamaur. Mikilvægt er að greining liggja fyrir áður en meðferð hefst þar sem kláði getur stafað af öðrum orsökum sem krefjast annarra meðferða.

Hafið eftirfarandi í huga áður en Tenutex er notað:

Varast skal að lyfið berist í augu.

Tenutex getur litað sum efni gul eða valdið lykt, sem erfitt er að ná úr. Því á alltaf að nota föt, sem ekki eru viðkvæm, meðan á meðferð stendur. Verjið jafnvel mottur, gólf og svo framvegis.

Ráð við blettum: Meðhöndlið bletti eins fljótt og hægt er á eftirfarandi hátt:

1. Notið blettahreinsi ef efnið þolir.
2. Þvoið með þvottaefni á venjulegan hátt, helst í þvottavél.

Börn

Ef meðhöndla þarf börn yngri en eins árs á alltaf að hafa samráð við lækni.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Leitið ráða hjá lækni við aðra notkun en gegn höfuðlús. Takmörkuð reynsla er af notkun lyfsins á meðgöngu.

Ekki er vitað hvort Tenutex berst í brjóstamjólki.

Akstur og notkun véla

Tenutex hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Tenutex inniheldur cetósterýl alkóhól sem getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertiexemi).

3. Hvernig nota á Tenutex

Notið lyfið alltaf eins og fram kemur í fylgiseðlinum eða eins og læknirinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Nákvæm greining, að rekja smit og góð meðferð skiptir miklu máli fyrir árangursríka niðurstöðu.

HÖFUÐLÚS

Við höfuðlús er nauðsynlegt að athuga hugsanlegt smit hjá allri fjölskyldunni, en meðhöndla aðeins þá sem eru með lús eða nit. Nauðsynlegt er að nota lúsakamb og stækkunargler. Þar sem lyfið er öflugt og til þess að minnka líkurnar á því að þol myndist á að forðast að nota lyfið í öryggisskyni.

Skiptið hárinu fyrir miðju og berið Tenutex í línu í skiptinguna. Nuddið út til hliðanna. Skiptið síðan hárinu frá hvirfli að eyrum, berið í skiptingarnar og gegnbleytið hárið frá hársverði og út til endanna (magn fer eftir hársídd 25-75 g). Lúsin heldur sig við hársvörðinn og klekur út eggjum. Varist að Tenutex berist í augu. Þvoið og fínkemið hárið eftir sólarhring.

Yfirleitt er nauðsynlegt að endurtaka meðferð með Tenutex eftir 8 daga ásamt því að fínkemi hárið daglega. Fínkemið og skoðið hárið daglega í 14 daga eftir meðferð.

Óhætt er að nota prjónahúfu eða þ.h. meðan á meðferð stendur - þó alls ekki loftþétt höfuðföt eins og baðhettu eða plastpoka. Þar sem smit á sér aðallega stað við beina snertingu höfuð/höfuð er ekki þörf á allsherjar hreingerningu. Hins vegar þarf að þvo greiður, bursta og höfuðföt.

Láti áhrifin á sér standa, getur það verið vegna þess að ekki hefur verið nógu vel að meðferðinni staðið, vegna nýs smits eða vegna þess að þol hafi myndast. Börn með nýtt smit og fullorðnir með smit eru oft einkennalausir og geta þess vegna verið miklir smitberar. Athugið að smá tími líður áður en lúsin drepst, þannig að þótt lifandi lús finnist strax eftir meðferð þarf það ekki að þýða að þol hafi myndast.

Hafið samband við heilsugæsluna ef endurtekin meðferð hefur mistekist.

FLATLÚS

Ræðið við lækni eða hjúkrunarfræðing áður en Tenutex meðferð er hafin við flatlús. Nuddið Tenutex á hærð svæði líkamans, t.d. kynfæri, handarkrika og fótleggi. Sjaldan er þörf á að meðhöndla höfuðhár, en finnist lús þar er meðferð samkvæmt leiðbeiningum um höfuðlús. Tenutex má ekki nota umhverfis augu. Við flatlús í augnhárum á að hafa samband við lækni. Nauðsynlegt er að bíða með allan líkamspvott í tvo sólarhringa eftir að Tenutex hefur verið borið á.

KLÁÐAMAUR

Ræðið við lækni eða hjúkrunarfræðing áður en Tenutex meðferð er hafin við kláðamaur.

1. Þvoið og þurrkið líkamann vel og vandlega.
2. Berið Tenutex (50-60 g) vandlega á allan líkamann upp að kjálkalínu. Einungis á ungbörnum er einnig nauðsynlegt að bera á höfuðið en varist að Tenutex berist nærri augum. Forðist að nudda mjög fast. Munið að bera á iljar og á milli taa og fingra. Hver blettur líkamans á að vera þakinn áburði í 24 klst.
3. Bíðið í sólarhring með allan líkamspvott. Notið gúmmíhanska, sem síðan er fleygt, við uppvott og alla vinnu í vatni. Berið Tenutex aftur á hendur eftir slík verk og einnig eftir handpvott.
4. Þvoið líkamann vandlega einum sólarhring eftir meðferðina. Skiptið um fót sem liggja næst líkamanum, skiptið um sængurföt, öll handklæði o.s.frv. Notuð fót skal þvo eða viðra í þrjá til fimm sólarhringa. Gleymið ekki að viðra skó, hanska, þvo baðsloppa, vinnuföt, íþróttaföt o.s.frv.
5. Í alvarlegum tilvikum þarf að endurtaka meðferð (skref 1-4) eftir eina viku.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef t.d. barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222) til að meta hættuna og fá ráðgjöf.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum, það gerist þó ekki hjá öllum.

Sjaldgæfar (koma fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 1.000): Ofnæmisviðbrögð t.d. roði, útbrot, sviði, hárlos. Ljóst hár getur mislitast.

Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá færri en 1 af hverjum 1.000): Ofnæmisviðbrögð í húð við lífrænum brennisteinssamböndum.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunafræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Tenutex

Geymið í kæli (2°C - 8°C). Má þó geyma utan kælis (við allt að 25°C) í allt að einn sólarhring.

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á túpunni. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Tenutex inniheldur

1 g af húðfleyti:

- Virku innihaldsefnin eru dísúlfíram 20 mg og bensýlbensóat 225 mg.
- Önnur innihaldsefni eru kakófeiti, sterínsýra, trólamín, cetósterýl alkóhól, eukalyptusolía og vatn.

Lýsing á útliti Tenutex og pakkningastærðir

Hvít til gulhvít húðfleyti.

Lagskipt túpa 100g.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Bioglan AB

Box 503 10

202 13 Malmö

Svíþjóð

Framleiðandi

Bioglan AB, Box 503 10, 202 13 Malmö, Svíþjóð.

Umboð á Íslandi

Icepharma hf., Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2022.

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á <http://www.serlyfjaskra.is>